

# Áttundi fundur sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps, haldinn að Breiðabliki fimmtudaginn 15. ágúst 2024 klukkan 20:00.

Mætt eru: Veronika G. Sigurvinsdóttir, Herdís Þórðardóttir, Guðbjörg Gunnarsdóttir, Þróstur Aðalbjarnarson og Sigurbjörg Ottesen, sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Oddviti leitaði afbrigða á dagskrá fundarins og óskaði eftir því við fundarmenn að bæta þremur liðum við dagskrá fundarins og verða þau mál nr. 8, 10 og 11.

Samþykkt af öllum sveitarstjórnarmönnum.

Eftirfarandi var tekið fyrir:

1. Viðauki 1  
Viðauki 1 við fjárhagsáætlun 2024 samþykktur vegna gjaldfrjálsra skólamáltíða grunn- og leikskólabarna og vegna skjalafrágangs í Laugargerðisskóla.
2. Viðauki 2  
Viðauki 2 við fjárhagsáætlun 2024 samþykkur vegna hreinsunarátaks.
3. Gjaldfrjálsar skólamáltíðir grunn- og leikskólabarna  
Oddviti vikur af fundi undir þessum lið og varaoddviti tekur við fundarstjórn.

Varaoddviti leggur til að skólamáltíðir fyrir grunn- og leikskólabörn í Eyja- og Miklaholtshreppi verði foreldrum gjaldfrjálsar. Samþykkt samhljóða.

4. Hreinsunarátak  
Lagt er til að hreinsunarátak verði núna í ágúst.

Samþykkt samhljóða að fá gáma í 10 daga, sem að staðsettir verða á tveimur stöðum í sveitarfélaginu.

5. Rotþróahreinsun  
Tilboð frá Hreinsitækni ehf. í rotþróahreinsun lagt fram.

Hreinsunin mun fara fram á haustdögum.

Tilboðið er samþykkt samhljóða.

- Frágangur skjala í Laugargerðisskóla  
Kostnaðaráætlun og tilboð frá Þjóðskjalasafninu lögð fram, ásamt leiðbeiningum um frágang geymsluskyldra gagna.

Tilboð Þjóðskjalasafnsins um frágang gagna samþykkt samhljóða.

- Erindi frá Gísla Guðmundssyni, f.h. landeiganda, varðandi umsókn um að Snæfellsnes verði UNESCO vistvangur

Lagt er fram erindi Gísla Guðmundssonar f.h. landeiganda, dagsett 15.7.2024. Landeigendur jarðanna Hömluholts, Hausthúsa, Ytra-Skógarness, Rauðkollsstaða, Hrútssholts I og II, Hrísdals, Lækjarmóta, Hörgsholts, Dalsmynnis og Læks lýsa yfir áhyggjum sínum af áhrifum þess að Snæfellsnes verði UNESCO vistvangur og leggja fram spurningar til sveitarstjórnar því tengt.

Sveitarfélögin á Snæfellsnesi, þar með Eyja- og Miklaholtshreppur, hafa samþykkt með formlegum hætti að íslenska ríkið sækir um að Snæfellsnes verði UNESCO vistvangur (Man and Biosphere svæði). Um er að ræða það landsvæði sem sveitarfélögin á Snæfellsnesi hafa skipulagsvald yfir.

Skv. fundargerð annars fundar 2022 sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps sem að haldinn var á Breiðabliki 10. febrúar það ár, samþykkti þáverandi sveitarstjórn án athugasemda erindi frá stjórn Svæðisgarðsins þess efnis að sveitarfélögin á Snæfellsnesi óski eftir því við íslenska ríkið að sótt verði um að Snæfellsnes hljóti Biosphere vottun. Sveitarstjórn fékk kynningu á verkefninu á umræddum fundi, sem og á árinu 2021, þegar það var í undirbúningi hjá Svæðisgarðinum. Þáverandi sveitarstjórn lýsti vilja sínum til þess að Eyja- og Miklaholtshreppur yrði hluti af UNESCO Man and Biosphere svæði (vistvangur). Þeir sem að undirrituðu þessa fundargerð voru: Herdís Þórðardóttir Kolviðarnesi, Halldór Jónsson Þverá, Gísli Guðmundsson Hömluholti, Atli Sveinn Svansson Dalsmynni og Eggert Kjartansson Hofstöðum.

Meginmarkmið UNESCO Vistvangs er að samþætta verndun umhverfis- og náttúruauðlinda við sjálfbæra þróun samfélögum til góða. UNESCO Man and Biosphere, á íslensku Vistvangur, er verkefni á vegum Sameinuðu þjóðanna. Þar er unnið eftir samfélagssáttmála milli atvinnulífs, íbúa og stjórnsýslueininga. Um er að ræða vettvang fyrir miðlun þekkingar og fræðslu um náttúruvernd, sjálfbæra nýtingu auðlinda og samfélagslega þáttöku. Sýna þarf fram á stjórnunaráætlun, svæðisskiptingu, breiða þáttöku samfélagsins og áætlun um fræðslu og rannsóknir. Áhersla er á sérstöðu, vilja heimamanna og samfélag á viðkomandi stað.

Vert er að nefna að það verður engin breyting á eignarrétti landeigenda þó að Snæfellsnes verði UNESCO Vistvangur. Sveitarfélög hafa áfram skipulagsvald og íslensk lög gilda.

Umrætt verkefni hefur verið í undirbúningi hér á Snæfellsnesi frá árinu 2021. Fjölmarginir fundir hafa verið haldnir auk þess sem kynningarefni hefur verið gert aðgengilegt á rafrænum miðlum Svæðisgarðsins. Sérstök heimasíða er um verkefnið þar sem safnað hefur verið saman upplýsingum og veitt svör við spurningum sem hafa borist: [www.svaedisgardur.is](http://www.svaedisgardur.is). Bendum við sérstaklega á eftirfarandi upptöku: <https://www.youtube.com/watch?v=MWAWVbVqWJM>

### Spurningar og svör:

- 1) Hvaða eignarréttarlega breyting verður á landi í einkaeign ef umsókn verður samþykkt og er eignarréttarlegur munur innan þessara þriggja svæða sem eru innan fyrirhugaðs vistvangs á Snæfellsnesi?
  - **Það verður engin eignarréttarleg breyting á landi í einkaeign ef umsóknin verður samþykkt**
    - i. Á kjarnasvæði, eins og Snæfellsjökulspjóðgarður, er gerð krafa um að land sé þegar friðlýst skv. lögum viðkomandi lands.
    - ii. Á grenndarsvæði, til að mynda hluta af Snæfellsjökulspjóðgarði og friðlandinu í Búðahrauni, er áhersla á sjálfbæra þróun og nálægð við verndarsvæðið.
    - iii. Á athafnasvæðinu, í okkar tilfalli öðru því landi sem tilheyrir einhverju af þeim fjórum sveitarfélögum sem eru á Snæfellsnesi, þarf að vera samvinna um sjálfbæra þróun þar sem íbúar vinna saman, á sínum forsendum, að því að gera gott svæði enn betra til búsetu.
- 2) Má gera ráð fyrir breytingu á heimild landeigenda til landnýtingar á eigin landi ef umsókn verður samþykkt, t.d. á hlunnindum jarða s.s. laxeldi, vatnsnotkun, malaratekju, o.s.frv.?
  - **Nei, engar slíkar breytingar verða vegna verkefnisins.**
- 3) Má gera ráð fyrir breytingum á svæðisskipulagi, aðalskipulagi og deiliskipulagi sveitarfélaganna? Verða settar takmarkanir á landeigendur varðandi breytta landnýtingu, t.d. hvað varðar vatnsaflsvirkjanir, virkjun vindorku, skipulag frístundabyggða, uppbyggingu afþreyingarmöguleika, gistingar, o.fl.?
  - **Nei, sveitarfélögin hafa áfram fullt skipulagsvald á sínum svæðum og engra breytinga er þörf þó umsókn verði samþykkt.**
- 4) Hvað þýðir «sjálfbærni» hjá UNESCO og hvernig hefur hún áhrif á atvinnulífið á Snæfellsnesi?
  - **Sjálfbærni hefur lengi verið leiðarstef í atvinnulífi á Snæfellsnesi. Sveitarfélögin á Snæfellsnesi hafa s.l. 14 ár fengið óháða alþjóðlega umhverfissvottun fyrir frammistöðu í umhverfis- og samfélagsmálum. Árlega samþykkja sveitarfélögin á Snæfellsnesi sameiginlega stefnu um sjálfbæra þróun, sem staðfestir markmið sveitarfélaganna (sjá m.a. á [www.nesvottun.is](http://www.nesvottun.is)).**
    - Verður öll netaveiði í vötnum og ám bönnuð?
      - **Nei**
    - Verður að sleppa öllum fiski í stangveiði?
      - **Nei**
    - Verður ræktun á nýju landi bönnuð?
      - **Nei**
    - Verða allar námur, t.d. sand- og malarnámur, lokaðar?
      - **Nei**
    - Mega landeigendur nota tilbúinn áburð á tún sín?
      - **Já**
    - Geta rekstraraðilar í landvinnslu átt von á takmörkun varðandi starfsemi sína?
      - **Nei**

- 5) Hefur farið fram kostnaðargreining fyrir landeigendur og sveitarfélög á rekstri Vistvangsins og hver er áætlaður aukinn kostnaður landeigenda ef umsókn verður samþykkt?
- **Það hefur verið gerð kosnaðargreining fyrir fyrirhugaðan Vistvang og það er ekki gert ráð fyrir auknum kostnaði sveitarfélaganna við fyrirhugaða breytingu; frá því að reka Svæðisgarð í að reka Vistvang.**
- 6) Hafa sveitarstjórnir heimild til að sækja um að einkalönd verði innan Vistvangs UNESCO án vitunar og/eða samþykkis landeigenda?
- **Já, sveitarstjórnir hafa þá heimild, enda verða engar breytingar á eignarhaldi, eignarrétti, eða nýtingu eigenda landa og jarða við aðila að UNESCO Vistvangi.**
- 7) Geta einstaka landeigendur ákveðið að vera ekki með í verkefninu og ef verið er með í upphafi, er hægt að hætta þátttöku í verkefninu?
- **Nei.**
- 8) Hvaða leiðir eru færar fyrir landeigendur til að koma á framfæri mótmælum við umsókn og/eða þátttöku í umsókninni?
- **Hverjum og einum er frjálst að hafa sínar skoðanir og geta ávalt komið sínum sjónarmiðum á framfæri við sveitarstjórnir á svæðinu.**

Að lokum viljum við undirstrika að það er einlægur vilji þeirra sem að þessu verkefni standa, að það verði til framþróunar og nýsköpunar á Snæfellsnesi. Ef eitthvað breytist í forsendum og það verður niðurstaða lýðræðislega kjörinna fulltrúa á Snæfellsnesi að verkefnið þjóni ekki hagsmunum Snæfellinga, þá verður einfaldlega hægt að hætta þátttöku í því. Að sama skapi er ljóst að uppfylli Snæfellingar ekki þær kröfur sem gerðar eru til þátttakenda í Vistvangsverkefninu, verður okkur vísað úr því.

Það er mat sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps að ekki sé verið að taka neina áhættu með umsókninni, öllu heldur sé verið að skapa samfélaginu á Snæfellsnesi tækifæri.

Oddvita falið að svara erindinu.

8. Erindi frá Sveinbjörgu Zophoníasdóttur og Jóni Ásgrímssyni, varðandi leikskólavist utan skólaþjónustusvæðis  
Lagt er fram erindi frá Sveinbjörgu Zophoníasdóttur og Jóni Ásgrímssyni, dagsett 15.8.2024.

Afgreiðslu málsins er frestað til næsta fundar, þar sem að afla þarf frekari gagna.

9. Reglur sveitarfélaganna á Snæfellsnesi um notendaráð málefna fatlaðs fólks  
Drög að reglum Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga um notendaráð málefna fatlaðs fólks lagðar fram.

Reglurnar eru samþykktar samhljóða.

10. Fundargerð fjallskilanevndar

Fundargerð fjallskilanevndar, dagsett 15.8.2024, lögð fram.

11. Fjallskilaseðill 2024

Fjallskilaseðill 2024, dagsettur 15.8.2024, lagður fram.

Fleira var ekki gert. Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 21:50.

Herdís Þórðardóttir – sign

Guðbjörg Gunnarsdóttir – sign

Veronika G. Sigurvinsdóttir – sign

Pröstur Aðalbjarnarson – sign

Sigurbjörg Ottesen – sign